

Nd.

21. Frumvarp til laga

[21. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

H-liður 4. gr. laganna (Sala á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum) falli niður.

2. gr.

- a. Á eftir orðinu „nýmjólk“ í 2. tölul. 6. gr. laganna komi: smjör, ostur, skyr, kjöt og kjötvörur.
- b. Á eftir 2. tölul. komi nýir liðir, svo hljóðandi:
 1. Kaffi, sykur og kornvörur.
 2. Olía.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Á síðasta Alþingi fluttum við, er þetta frv. flytjum, frv. um afnám söluskatts af mestu nauðsynjum. Það frv. náði ekki fram að ganga þá, heldur tóku stjórnvöld á málinu með þeim hætti að hækka söluskattinn úr 7.5% í 11%. Afleiðingar af þessari stjórnarráðstöfun hafa ekki látið standa á sér. Verðbólga vex nú í landinu með meiri hraða en oftast áður, verðbólga, sem ógnar efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar og hefur brennimerkt sér fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1971. Það er skoðun okkar flutningsmanna, að ef frv. okkar um afnám söluskatts af mestu nauðsynjum hefði náð fram að ganga á síðasta Alþingi, hefði ekki til þeirrar verðbólguþróunar þurft að koma, sem nú er staðreynd. Okkur er það einnig ljóst, að til þess að spornað verði gegn óðaverðbólgu, er leiða muni til glundroða í efnahagsmálum og atvinnuleysis, verður að gera raunhæfar aðgerðir. Boð og bönn nægja þar ekki, nema í skjóli þeirra séu raunhæfar aðgerðir gerðar.

Forustan í raunhæfri baráttu gegn verðbólgu verður að koma frá ríkisvaldinu. Þess vegna er frv. þetta flutt. Aðgerðir þess ná til allra þegna þjóðfélagsins, en þó fyrst og fremst til þeirra, sem ekki hafa tekjur nema til nauðþurfta. Það er gott upphaf að baráttu gegn verðbólgu í landinu. Á það er því reynt með flutningi þessa frv., hvort á Alþingi er fyrir hendi raunverulegur vilji til baráttu gegn verðbólgu eða eigi.